

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2016****2017/EES/76/18****frá 3. júní 2016****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og X. viðauka
(Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 um skil á menningarminum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 24.
- 2) Tilskipun 2014/60/ESB fellir úr gildi tilskipun ráðsins 93/7/EBE ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. og X. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 93/7/EBE):

- „2. **32014 L 0060:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 um skil á menningarminum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjútíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 15. gr. skal skilja tilvísun til „1. janúar 1993 eða síðar“, að því er varðar Ísland og Noreg, sem „1. janúar 1995“ og að því er varðar Liechtenstein „1. maí 1995 eða síðar“.

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 93/7/EBE) fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012) í X. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32014 L 0060:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 (Stjútíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 24.“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 74, 27.3.1993, bls. 74.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/60/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 24, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júní 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2015 frá 30. apríl 2015 ⁽¹⁾, hvort sem ber upp síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júní 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(1) Stjtíð. ESB L 211, 4.8.2016, bls. 55 og EES-viðbætur nr. 42, 4.8.2016, bls. 53.